

107 í landskuld eptir tvær þjóðjarðir sökum skemmda af vatnsflóði. — Samkvæmt tillög-
30 ágúst. um yðar, herra amtmaður, í þóknanlegu brjefi, dags. 25. júní p. á., sem byggðar eru á skoðunargjörð hlutadeigandi úttektarmanna og skýrslu umboðsmannsins yfir Möðruvalla-
klostursumboði, veiti jeg samþykki mitt til, að leiguliðarnir á umboðsjörðunum Möðru-
völlum og Nunnuhóli í Hörgárdal, sökum skemmda þeirra, er engjar ábúðarjarða þeirra
hafa beðið af vatnsflóði úr Hörgá í júlímánuði 1885, verði eptir fyrir mælum 17. gr. í
lögum 12. janúar 1884, um bygging, ábúð og úttekt jarða, aðnjótandi þeirrar linunar í
landskuldargjaldinu eptir jarðir þessar, er hjer segir :

Fyrir fardaga-árið	1885—86	25.8	álu.
—	—	1886—87	17.2 —
—	—	1887—88	8.6 —
—	—	1888—89	4.3 —

sem og að hálfur kostnaðurinn af skoðunargjörðinni á jörðunum greiðist úr umboðssjóði
samkvæmt 23. gr. sömu laga.

108 Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um skyldu lyfsalans í Reykja-
31 ágúst. vik til að vera prófdómandi við burtfararpróf á læknaskólanum. — Þjer hafid, herra
landshöfðingi, með þóknanlegu brjefi 19. f. m., sent hingað erindi Schierbecks landlæknis,
þar sem hann, út af því að Krüger lyfsali, sem hann kvaddi til þess að vera próf-
dómandi í efnafræði, lyfjafræði og grasafræði við burtfararpróf á læknaskólanum í síð-
astliðnum júnímánuði, skoraðist undan því starfi, þótt ákveðið sje í reglugjörð skólans
9. ágúst 1876 11. gr., að lyfsalinn í Reykjavík skuli kveðjast til sem prófdómandi í tjeð-
um námsgreinum, spyrzt fyrir um, hvort lyfsalinn megi skorast undan að vera próf-
dómandi og hvort prófin í námsgreinum þessum, sem hann hefur látið fram fara með
öðrum prófdómendum, sjeu gild, og hafid þjer, um leið og þjer látið uppi það álit yð-
ar, að fyrri spurningu landlæknis beri að kveða nei við og hinni síðari já, beiðzt leið-
beiningar ráðgjafans um, hvernig að skuli farið, ef Krüger lyfsali heldur því áfram fram-
vegis, að skorast undan að vera prófdómandi við burtfararpróf á læknaskólanum.

Út af þessu læt jeg eigi hjá líða hjer með þjónustusamlega að tjá yður til þókn-
anlegrar leiðbeiningar og til birtingar fyrir hlutadeigendum, að jeg að einu leytinu er
yður samdóma um, að það atvik, að prófin hafa verið haldin án þess að lyfsalinn í
Reykjavík hafi verið meðal prófdómendanna í námsgreinum þeim, sem hann á að kveð-
ast til samkvæmt 11. gr. í reglugjörð fyrir læknaskólann í Reykjavík, geti ekki svipt
próf þessi gildi, en að jeg á hinn bóginn verð að ætla, að eigi sje tjeðum lyfsala með
ákvörðunum þeim, er þar um gilda, uppálagt sem skylda að gegna prófdómandastörf-
um, og að forstöðumaður læknaskólans verður þess vegna, ef Krüger lyfsali skyldi halda
því áfram, að skorast undan að vera prófdómandi, að fara að eins og í þetta skipti og
kveðja annan mann til prófdómanda, sem er hæfur til þess og fús á það.

109 Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu um að sparissjóði
31. ágúst. sjeu veitt hlunnindi samkvæmt tilsk. 5. jan. 1874. — Eptir beiðni yðar, herra sýslu-
maður, í þóknanlegu brjefi, dags. 12. p. m., veiti jeg hjer með sparissjóðnum á Saudár-
króki um 5 ár, er teljist frá 1. p. m., öll þau hlunnindi, sem talin eru í tilskipun 5.
janúar 1874, þó með þeim skilyrðum : að ábyrgð sú, sem stofnendur sjóðsins hafa tek-
ist á hendur með 3. gr. samþykktar 10. júní p. á., skerðist ekki, að ákvarðananna í
samþykkt sjóðsins um reikningsskil sje nákvæmlega gætt, og að send sjeu landshöfðingja